

# ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 7 NÓV. '78



Ötgefandi: ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN, félag íslenskra áhugamanna um fjallamenndu, pósthólf 4186, Reykjavík.

Blað þetta kemur út í byrjun annars hvers mánaðar, efni í það þarf að hafa borist ritnefnd fyrir 15. næsta máón. fyrir útkomu blaðsins.

Stjórn ÍSALP:

Formaður: Einar H. Haraldsson, s. 21586  
Gjaldkeri: Guðjón Ó. Magnússon, s. 36059  
Ritari: Ingvar Teitsson, s. 72236, vinna 29000-240  
Varaform: Helgi Benediktsson, s. 86139, vinna 12045  
Meðstjórn: Erlingur Thoroddsen, s. 19828, vinna 83599  
---"--- Guðmundur Ingi Haraldsson, s. 10185, vinna 17400

Ritnefnd:

Ábyrgðarm. Ingvar Teitsson  
Aðrir í Erlingur Thoroddsen  
ritnefnd: Guðmundur Ingi Haraldsson  
Magnús Guðmundsson, s. 30214  
Sighvatur Blöndahl, s. 81637, vinna 10100

Ferðanefnd:

Einar H. Haraldsson  
Guðjón Ó. Magnússon  
Helgi Benediktsson  
Torfi Hjaltason, s. 24726

Bókavörður: Einar H. Haraldsson

---

Efni þessa blaðs:	bls.
Frá stjórninni.....	3
Alpaferð klúbbsins - síðari hluti.....	4
Snjóhús og skýli.....	12
Hversu erfitt er það?.....	17
Leiðarvísisir ÍSALP: Fyrsti þáttur - Eyjafjallajökull.....	20
Kerlingin klifin.....	28
Messner gerir það ekki endasleppt: Kleif Nanga	
Parbat einn síns liðs.....	29
Dagskrá ÍSALP nóv.-des. '78.....	31

Forsíðumyndin: Þór Ægisson á toppi Kerlingar í Kerlingarfjöllum, sjá: "Kerlingin klifin," bls. 28.

FRÁ STJÓRNINNINN:

Eins og lesendur taka væntanlega eftir, er blaðið nú að nokkru í nýjum búningi. Vegna afar lélegrar fjöлritunar á 6. blaðinu var ákveðið að ráðast í að offsetprenta blaðið framveis. Einkum ættu ljósmyndir, sem margar hverjar voru aðeins svartar klessur í 6. blaðinu, að koma betur út.

Eins og fyrr styrkja nokkrir aðilar útgáfu blaðsins með auglýsingum. Stjórn ÍSALP mill hér með færa þeim bestu þakkir fyrir þann stuðning, án hans væri útgáfa blaðsins í núverandi mynd óhugsandi. A hinn bóginne hefur það sýnt sig, að blaðið er í dag allt að því "fjöregg" klúbbns og án þess væri klúbburinn lítið meira en nafnið, a.m.k. meðan við höfum ekki enn komist yfir eigið húsnæði.

Í þessu blaði er farið af stað með nýmæli: Leiðarvísí ÍSALP. Guðjón Magnússon varpaði þeirri hugmynd fram á stjórnarfundi nýverið, að rétt væri, að klúbburinn hefði forgöngu um útgáfu á leiðarvísí eða "climbing guide" fyrir fjalla- og jökla-ferðir á Íslandi. Er ætlunin, að framvegis verði þetta fastur pistill í blaðinu, lýst verði einu eða fleiri svæðum í hverju hefti. Síðar væri svo etv. hægt að gefa leiðarvísinn út í bókarformi, ef vel gengur.

Flestir, sem fylgst hafa með fréttum og frásögnum af fjallgögnum úti í heimi, kannast við Skotann Hamish MacInnes, sem m.a. hefur tekið þátt í ýmsum stórum leiðangrum til Himalaya og S.-Ameríku, en er auk þess leiðandi afl í Skotlandi um allt, er lýtur að björgunaraðgerðum í fjalllendi. Nú er verið að reyna að fá MacInnes til Íslands snemma á næsta ári, hefur stjórn ÍSALP haft þar forgöngu að nokkru leyti. Mundi Skotinn þá halda hér erindi, sýna litskyggur ofl. Verður væntanlega skýrt nánar frá þessu máli í næsta blaði.

Um húsnæðismál ÍSALP er fátt nýtt að segja. Ekki hefur enn tekist að finna húsnæði hér í borg, sem henti okkur, en leit verður að halda áfram. Varðandi skálabyggingarmál hefur verið haft samband við Jöklarannsóknafélagið, stungið upp á samvinnu. Fleira er í deiglunni, vönandi hægt að skýra frá því síðar.

Um félagsstarfið í september og október:

Myndakvöld: Þann 20. okt. var myndakvöld og kynning á útbúnaði í Slysavarnarhúsinu. Guðjón Magnússon sýndi litskyggur frá Alpaferð félaga úr Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík, sjá

bls. 16 í Nr. 6. Helgi Benediktsson sýndi myndir frá því, er Fingurbjörg í Mávabyggðum var klifin í fyrsta sinn. Mæting var góð, um 50 manns.

Vífilsfellsferðin. Farin þ. 24. sept., þátttakendur alls 8, að fararstjóranum meðtoldum. Rigning var og leiðindaveður og því lítið hægt að eiga við klifur. Nokkrir reyndu þó við norðvestur-vegginn á Vífilsfelli, en gekk erfiðlega. Að lokum var farið upp á fjallið eftir léttari leiðum.

Þingvallanámskeiðið. þ. 21. og 22. okt. var byrjendanámskeið í klifri á Þingvállum, sem Pétur Ásbjörnsson, Helgi Ben. ofl. sá um. Veður var slæmt, og mættu aðeins 12 á námskeiðið, auk stjórnenda, þrátt fyrir að milli 20 og 30 hefðu tilkynnt þátttöku. Er því hér með komið á framfæri frá stjórnendum námskeiðsins, að afar slæmt er að menn tilkynni þátttöku, en mæti svo ekki. Er þetta sérlega bagalegt, þegar panta þarf bíl til ferðarinnar, eða og var í þetta skiptið.

Ingvar Teitsson

---

#### ALPAFERÐ KLÚBBSINS - SÍÐARI HLUTI:

---

I síðasta blaði var sagt frá því, þegar fjöllin Weissnollen, Finsteraarhorn og Monte Rosa voru klifin. Eftir það héldum við frá Sviss yfir í frönsku Alpana þ. 18/8. Var þá Sighvatur Blöndahl búinn með sitt leyfi og farinn heim, vorum við fimm eftir.

Til Frakklands komum við upp úr hádegi þ. 18/8. Var of seint að fara á fjöll þann daginn, svo að við eyddum því, sem eftir var dagsins, í að skoða bæinn Chamonix, sem er alþjóðleg ferðamannamiðstöð norðvestan undir Mont Blanc-fjallaklasanum. Þar er ýmislegt að skoða, m.a. fæst þar gott úrvval fjallgöngubúnaðar á fremur hagstæðu verði. Er verðlag þarna yfirleitt mun hagstæðara en í Sviss.

Sérkennileg þótti okkur hin bágþorðna tungumálakunnáttu Frakkanna. Þótt stórir hópar ensku- og þýsku-mælandi ferðamanna séu sífellt á þessum slóðum, var mjög effitt að bjarga sér á þeim tungumálum í Chamonix. Jafnvel í stærstu spórvörubúðunum fyrirfannst etv. alls enginn, sem skildi orð í ensku eða þýsku. Á einum veitingastað, sem við fórum á, var auglýst, að bæði talaði starfsliðið ensku og þýsku. Sú dýrð var þó minni en skyldi, því að eini tungumála-„garpur“ staðarins virtist

vera gömul kerling, sem kunni örfá einsatkvæðisorð í ensku.

Fyrsta kvöldið í Chamonix komum við okkur fyrir á tjaldstæði í útjaðri bæjarins og fórum síðan í æfingaklifur í klettum, sem eru þar rétt hjá. Vildi þá það óhapp til, að Sveinn Sigurjónsson hrökk úr liði í vinstri öxl, er hann var að vega sig á höndunum upp „reykháf“ í klettunum. Sveinn hrapaði þó sem betur fór ekki, og eftir að hafa hjálpað honum niður, fórum við með hann á spítala í Chamonix, þar sem hann var settur í liðinn í lyfjarús. Var þá einnig staðfest með röntgenmynd, að ekki væri um brot að ræða. Vegna þessa óhapps varð þó Sveinn að vera með handlegginn í fatla það, sem eftir var ferðarinnar. Var því útséð um, að hann kæmist á fleiri há fjöll að sinni.

Morguninn eftir fóru svo Sveinn og Helgi fararstjóri í sléttulabb og kláfatúra, en bræðurnir Örvær og Ávar ákváðu ésamt undirrituðum að reyna við Mont Blanc. Tókum við þá kláf frá þorpinu les Houches, skammt vestan Chamonix, upp í ca. 1800 m hæð. Eftir það fórum við með tannhjólsjárnbraut upp í „Arnarrreiðrið“ eða le Nid d'Aigle, sem er í 2372 m hæð. Þaðan gengum við áleiðis upp að Gouter-sæluhúsínu, sem stendur í rúmlega 3800 m hæð norðvestan í Mont Blanc-fjallaklasanum. Leiðin upp að skálánum liggur fyrst eftir þægilegum stíg, en svo eykst brattinn, og eftir að hafa brölt þvert yfir varasama snjóflóðalænu, fylgdum við slóðinni upp brattan klettabrygg síðustu nokkur hundruð metrana neðan skálans. Var svell og snjór þarna í klettunum, og klifrið því tafsamt. Ekki bætti heldur úr skák, að þarna var mikil örtröð fólks og loftið auk þess mjög tekið að þynnast.

Þessi leið upp á Mont Blanc er auðveldasta leiðin upp á hæsta fjall Evrópu. Lætur því að líkum, að örtröð fólks er þarna gæsileg. Gouter-skálinn, sem franski Alpaklúbburinn á, er fastur gististaður alls þessa fjölda, eina dagleið frá tindi Mont Blanc. Þessa nótta gistum við í skálanum, lágum þrír saman í 2 ja manna kojuplássi. Þóttumst við góðir að komast þó í koju, því að öll gólf, borð og bekkir voru yfirfull af fólk.

Klukkan hálf-tvö um nóttina var farið á fætur. Kom þá í ljós, að heilsufarið á okkur íslendingunum var ekki svo gott sem skyldi, átti hæðin a.m.k. einhvern þátt í því. Um kl. 03<sup>30</sup> lögðum við Örvær þó af stað frá skálanum og vorum þá orðnir einna síðastir allra. Það átti þó ekki fyrir okkur að liggja að klífa Mont Blanc í þetta skipti, snerum við aftur vegna slappa leika í um 4000 m hæð, nokkru ofan við skálann. Við hölluðum



Grandes Jorasses - Frakklandsmegin

okkur út af um stund í skálanum, en snerum síðan allir þrír niður á við, hittum Helga og Svein niðri í les Houches upp úr hádeginu.

Daginn eftir, 21. ágúst, ókum við gegnum hin miklu Mont Blanc-jarðgöng frá Chamonix yfir til Ítalíu. Göngin eru um 12 km á lengd, hið mesta mannvirki. Vegatoll, ca. 3.000 kr. ísl., urðum við að greiða við Ítalíu-enda gangnanna, þar sem landamæravarslan er.

Aðalmarkmið Ítalíu-ferðarinnar var að klífa fjallið les Grandes Jorasses, sem er á landamærum Frakklands og Ítalíu, í Mont Blanc-fjallaklasanum. Það fjall er einkum frægt fyrir norðurvegg þann, er veit að Frakklandi. Ítalíu-hliðin er töluvert auðveldari, en þó all erfið á okkar mælikvarða, hefur erfiðleikagráðuna PD+, sem þýðir „dálítíð erfitt.“

Við byrjuðum á að aka til bæjarins Courmayeur, nokkra km frá ítalska enda jarðgangnanna. Fórum við þar í lítinn banka til að skipta peningum og þótti sérkennandi fyrir andrúmsloftið, að herlögregla, grá fyrir járnum, var á verði fyrir dyrum úti. Eftir það gengum við um þróngar og krókóttar götur bæjarins, keyptum okkur m.a. í matinn í lítilli matvörubúð, sem var með

svipuðu sniði og almennt gerðist á Íslandi fyrir aldarfjórðungi, því að þarna ægði öllu saman og allt var afgreitt yfir borð.

Í þorpinu Planpansier skildum við bílinn eftir og hófum fjallgönguna, stefndum til Grandes Jorasses-sæluhússins, sem ítalski Alpaklúbburinn á í 2800 m hæð sunnan í samnefndu fjalli. Fylgdum við vel merktum stíg upp úr þorpinu, sem stendur í ca. 1600 m hæð. Fyrst lá leiðin upp í gegnum laufskóg, þar sem aðalbláberjalyng og bláklukkur settu svip á gróðurinn. Þarna var sól og steikjandi hiti - og að sjálfsögðu stafalogn eins og venjulega. Geysimikið var af engisprettum þarna í grasinu. Var suð þeirra svo mikið, að mátti heita samfelldur kliður. Ofan laufskógarins voru fjallafurur og einir á stangli, þar fyrir ofan tók við graslendi, sem entist upp í 2600-2700 m hæð, þar sem berær klappir og jökulfannir tóku við. Þarna í efstu grösum við jökuljaðarinna rákumst við á hóp af sauðfé. Furðaði okkur nokkuð á þessu, en trúlega hvetur bæði hitinn í dölunum og nýgræðingurinn við hörfandi fannir sauðféð svona hátt upp.

Í sæluhúsið náðum við eftir 4-5 klst. göngu. Er bratt síðasta spölinn, farið upp granít-klett með aðstoð keðju. Skálavörðurinn, roskinn Ítali, tók hlýlega á móti okkur og vísaði okkur á kojur inni í sæluhúsinu, sem er annars gamalt og ekki sérlega þrifalegt. Þótti mér viðmót þessa Ítala allt annað og mannlegra en hjá hinum þurrtruntulegu starfsþræðrum hans, sem við kynntumst í Sviss.

Um nóttina vöknudum við Helgi um kl. 01<sup>30</sup>. Hafði orðið að ráði, að Sveinn og bræðurnir biðu í sæluhúsinu, meðan við Helgi reyndum við fjallið. Lögðum við svo upp um kl. 02<sup>30</sup> í glaða tunglsljósi. Var svo bjart, að ekki var brýn þörf að nota höfuðljós, þótt enn væri langt í dögun.

Við fylgdum slóðum upp jökulinn ofan við sæluhúsið, og varð órótt, þegar við sáum, að jökulgeilin, sem við paufuðumst upp og nefnist Grandes Jorasses-jökull, var líkt og sópuð eftir snjóflóð og grjóðhrún, þótt allt væri með kyrrum kjörum þarna í næturfrostinu. Einnig voru þarna víða gínandi sprungur í jöklinum. Urðum við hálf-fegnir, þegar slóðin beygði til hægri út úr jöklinum út í klettahyrgg, sem gengur niður frá Pointe Whymper, næst hæsta tindi fjallsins.

Ofar í fjallinu fórum við aftur yfir jökulfönn, sem telst stórhættuleg að degi til vegna snjóflóða og grjóðhruns. Vorum



A niðurleið á Grandes Jorasses-jökli: Hættur við hvert fót mál

við komnir þar yfir og í ca. 4000 m hæð. Á hryggnum neðan við hátind fjallsins, þegar sólin kom upp. Var fagurt að horfa á sólarupprásina og sjá, hvernig fyrstu geislar morgunsólarinnar lituðu tindinn á „Hvíta-Fjalli“ (þ.e. Mont Blanc) eldrauðan.

Síðustu nokkur hundruð metrarnir upp voru erfiðastir, víða hreint ísklifur í 50-60° bratta. Upp á hátindinn, sem heitir Pointe Walker, 4208 m y. sjó, komumst við loks eftir 6 klst. og 20 mín. ferð úr sæluhúsinu. Var þaðan stórfenglegt útsýni, m.a. blöstu við fjöll eins og Grand Combin, Monte Rosa og Matt- erhorn, sem Ítalir og Miðjarðarhafspjóðirnar kalla raunar Monte Cervino.

A niðurleiðinni vorum við það seinir fyrir, að snjóflóð og steinkast voru að byrja í sólvermdum hlíðunum. Vorum við því nokkuð taugaóstyrkir á stundum, og tókum m.a. þann kostinn að fara ekki niður snjóflóðageilina Grandes Jorasses-jökul, sem við fórum upp um nóttina. Þess í stað fórum við þar þvert yfir og upp á hrygg, sem Reposoir heitir. Bröltum við þar niður með erf- iðismunum, en óhultir fyrir snjóflóðum og grjóthruni. Vorum við

því litlu fljótari niður en upp, komum niður í sæluhúsið kl. 3 síðdegis, þar sem Sveinn og bræðurnir biðu óþreyjufullir. Kvöllum við svo vin okkar, skálavörðinn, og héldum miður, ókum þá þegar yfir til Frakklands aftur, sváfum á sóðalegu farfuglaheimili í Chamonix um nóttina.

Daginn eftir, 23/8, ákváðum við að halda yfir til Sviss á ný. Við áttum nú aðeins fáa daga eftir af ferðinni og langaði að reyna við a.m.k. eitt 4000 m fjall ennbá. Varð úr að reyna við Matterhorn, enda hafði veður verið með ágætum í nær viku samfleytt. Hlaut því snjórinna að vera farinn að minnka á hinni venjulegu leið á Hörnli-hrygg Matterhorns.

Um nóttina gistum við á tjaldstæði í Täsch, rétt neðan Zermatt. Var þá afbragðsveður og slíkt stafalogn að við elduðum á gastæki okkar utan tjalds án nokkurs skjóls. Lognið þarna var reyndar ekkert nýmæli, því að allar þær nætur, sem við gistum á tjaldstæðum í Ölpunum, var stafalogn. Eru það óneitanlega töluverð viðbrigði fyrir Íslendinginn.

Næsta morgun héldum við upp til Zermatt, fórum þaðan með kláf upp til Schwarzsee í 2580 m hæð. Þaðan gengum við upp þægilegan stíg til Hörnli-sæluhússins, sem stendur í 3260 m hæð við suðaustur-rætur hins tignarlega Matterhorns. Við höfðum áður pantat gistingu símleiðis og fengum því strax kojupláss. Var hvert rúm skipað þarna um nóttina.

Um nóttina vöknudum við um kl. 03<sup>30</sup>, höfðum okkur af stað 50 mínútum síðar. Komum við brátt upp í klettana, og hófst nú mesta og tafsamasta klifrið í allri ferðinni: Við fylgdum hinni venjulegu leið upp Hörnli-hrygginn, hann er ekki mjög



Matterhorn - séð frá stígnum neðan Hörnli-sæluhússins



A tindi Matterhorns: Helgi hjá ítalska krossinum

brattur neðan til, enda er þá verið utan í austurvegg fjallsins, sem er ekki nærri eins brattur og hinn frægi norðurveggur Matterhorns. Ofar eykst brattinn tölvert, einkum er bratt kringum neyðarskýlið Solvay-Hütte, sem stendur í 4000 m hæð. ofarlega á Hörnli-hrygnum.

I Solvay varð Ævar eftir, en Helgi, Örvar og undirritaður héldu áfram upp á við. Nokkru ofan kofans fórum við á brodda, en fram að því hafði bergið verið autt að kalla. Brátt komum við upp á Öxlina, þar sem farið er af efsta enda Hörnli-hryggsins út

í hinn illræmda norðurvegg fjallsins. A Öxlinni er víða farið eftir örmjóum rinda. Þar er geysilegt þverhnípi á báðar hendur, niður norðurvegginn til hægri, en austurvegginn til vinstri.

Ofan við Öxlina er farið í brattasta hluta leiðarinnar, norðurvegginn, þar sem víða er nær þverhnípt á klifurleiðinni. Hér er það þó mjög til hjálpar, að sverir kaðlar eru festir við bergið og því hægt að handstyrkja sig. Til marks um það, hve okkur var þó órótt þarna, má nefna, að við tókum alls enga mynd alla leiðina frá Solvay og upp á tind - höfðum hreinlega um annað að hugsa.

A tindinn komum við um kl. 12<sup>15</sup> e. 8 klst. klifur. Þar stendur kross einn mikill, sem Ítalir hafa sett upp, að því er virðist í minningu einhvers landa síns. Þarna uppi dvöldum við góða stund og nutum útsýnisins. Þótt hæðin væri mikil, 4477 m, var hlýtt og gott veður, enda var þetta einn heitasti dagur ferðarinnar. Til marks um veðurblíðuna má nefna, að undirritaður fór ekki í anorak utan yfir peysu sína fyrr en sest var niður uppi á hátindinum.



Á niðurleið: Greinarhöf. í efsta hluta Hörnli-hryggsins. Efst t.v. sér niður á Hörnli-sæluhúsið, 900 m neðar.

-----

Á niðurleiðinni bar fátt til tíðinda. Við fórum hægt og gætilega og tryggðum meir en flestir þessara 70, sem á fjallinu voru þennan dag. Í Solvay beið Ávar okkar. Hafði hann orðið vitni að heldur óskemmtilegum atburði, þegar hann sá einn fjallgöngumanninn hrapa með feiknahraða niður austurvegg fjallsins. „Hann baðaði út öllum öngum, þetta var nærri því eins og í kvíkmynd“ var lýsing Ávars á atburðinum. Morguninn eftir fréttum við, að svissnesku björgunarþyrlunum hefði ekki tekist að finna líkið.

Niður í sæluhús komum við loks kl. 9 um kvöldið eftir 16 klst. mjög erfiða ferð. Verð ég að segja, að oft var bjórinn góður í Ölpunum, en aldrei þó eins og í Hörnli-sæluhúsinu í þetta skiptið.

Morguninn eftir, 26/8, héldum við niður í Zermatt og þaðan niður til bíls okkar í Täsch. Ókum við svo norður á bóginn, gistum um nöttina í litlu og afskekktu, en mjög vinalegu færflugahemili í Faulensee í Mið-Sviss. Daginn eftir ókum við svo til Luxemborgar, flugum þaðan heim þ. 28. ágúst, að loknu mjög svo ánægjulegu 20 daga summarleyfi.

Ingvar Teitsson


## SNJÓHÚS OG SKÝLI

### INNGANGUR:

Þeir, sem lásu 4. og 5. tölublað ÍSALP, ráku augun í tvær greinar, sem fjölluðu um ferðir um páskana síðustu. Í báðum þessum ferðum þurftu ferðalangarnir að skýla sér í snjóhúsum vegna veðurofsa.

Þetta sýnir, að kunnátta í gerð snjóhúsa getur komið sér vel og skipt sköpum. Sjálfsgagt geta flestir grafið sér holur í snjó og skýlt sér í þeim, en þessar holur eða hús geta verið misjafnlega þægileg og hlý.

Hægt er að grafa með höndunum einum, en best er að hafa eitthvert verkfæri, svo sem skóflu, ísöxi eða snjósög. Hægt er að fá léttar snjóskóflur, er vega aðeins 650 g og snjósagir, sem vega 200 g. Ókostur við þessar skóflur er, að þær eru ekki sterkbyggðar og hætta er á, að þær brotni, ef farið er óvarlega með þær. Hóp, sem er á ferðalagi að vetri til, munar ekki mikið um að taka með sér góða skóflu til snjóhúsagerðar, ef miðað er við það, að hve miklu gagni hún getur komið. Snjósögin hentar vel við að saga köggla til hleðslu. Hana er auðvelt að smíða eftir meðfylgjandi teikningu.



### SNJÓRINN:

Vel byggt snjóhús veitir fullkomna vörn gegn veðri og vindum. Versti óvinur snjóhússins er hitinn, því ef hann fer yfir frostmark úti, þá bráðna þau, en meðan frost er, standa þau vel.


Snjórinн hentar misjafnlega vel til snjóhúsagerðar. Einna bestur er snjór í sköflum, sem er það harður, að rétt markar í hann, ef stigið er á hann. Ef snjórinн er þannig, þá er hægt að hlaða úr honum beint. En ef hann er laus í sér, þá þarf að

þjappa hann. Fyrst á skíðum, en síðan með skónum. Efsta lagið verður laust í sér, en ef beðið er í um það bil 20 mín., þá myndast ný bönd í snjónum, sem er undir, og hann verður góður til hleðslu.

Eftir að valinn hefur verið staður til að taka köggla, ætti ekki að ganga um hann nema til að troða, sbr. ofan, því það geta myndast sprungur í snjónum, sem valda því, að kögglar brotna. Best er að hlaða snjóhús á sléttu, en einnig má hlaða það utan í brekku. Byrjað er á að móta hring í snjóinn, um það bil 2 m í þvermál. Opinu er ákveðinn staður þvert á vindstefnuna, því að þá fýkur snjórinn síður inn í eða yfir útganginn.

#### KÖGGLARNIR:



Þegar kögglarnir eru sagaðir út, þarf að gæta þess, að þeir losni alveg, því að ef þeir eru þvingaðir út, er hætta á, að þeir brotni. Best er að saga fyrst lóðrétt (nr. 1 á mynd) þvert yfir kögglastæðið og saga nokkrum sinnum fram og til baka til að vera viss um, að söguð hafi verið full dýpt alls staðar. Dæmigerð þykkt á kögglinum gæti verið 20-30 cm. Næst er söguð breiddin á kögglinum, (nr. 2 á mynd.) Heppileg bréidd er um það bil 60 cm. Ef haft er trapisu-lag á skurðinum, verður köggullinn lausari í sárinu. Síðast er lárétti skurðurinn (nr. 3 á mynd). Nú á köggullinn að vera laus. Ef hann er það ekki, er best að skera aftur alla skurðina. Þegar köggullinn er laus, er sögin sett í lóðréttu skurðinn og kögglinum ýtt fram, tekið undir hann og honum lyft upp. Byrjendum hættir gjarnan til að hafa kögglana of litla. Við hleðsluna er fljótlegra að hafa þá stóra.




HLEÐSLAN:

Aðalreglan við hleðsluna er að láta hvern köggul hvíla á tveimur punktum og hafa stuðning af þeim þriðja. Þetta er gert bannig, að við hleðsluna er neðri brún kögglanna gerð bogamynduð (sjá mynd) og gerður er flái á aðra hliðina. Með þessu verður köggullinn stöðugur. Götin, sem myndast við þetta, eru fyllt upp með snjó að hleðslu lokinni.

Kögglarnir eru látnir hallast inn á við strax í fyrsta hring. Sá hringur er hlaðinn allur jafn hár, en þegar honum er lokið, er sneitt ofan af um það bil fjórðungi hringsins, samanber mynd.




Eftir þetta er hleðslan eins og gormur. Hleðslumaðurinn stend-



ur inni í húsinu og hleður rangsælis (örvhendir hlaða réttsælis). Ef þrír eru við húsasmíðina, þá sagar einn köggvana, einn handlangar og einn hleður.


Hleðslunni lýkur með því að setja topp-köggulinn. Hann er skorinn til eftir lögum gatsins og láttinn falla í það. Að því loknu er mokað snjó utan á húsið til að fylla upp í holur og rifur. Síðan er það þjappað að utan. Yfir útganginn er hægt að hlaða göng til skjóls. Inni er svo hlaðinn pallur, og þess er gætt, að hann sé hærri en útgangurinn, því heita loftið leitar upp á við, en kalda loftið niður.




Nauðsynlegt er að setja svo loftgat á húsið til þess að eiga ekki á hættu að kafna inni í því, sérstaklega ef notaður er prímus.

#### ÖNNUR SKÝLI:

Hlaðin snjóhús eru ekki einu skýlin, sem hægt er að gera úr snjó. Til dæmis má grafa sig inn í skafl eða brekku (sjá næstu mynd.) Þá er fyrst grafin hola inn í skaflinn og síðan holrúm. Gæta þarf þess, að gólfíð í holrúminu sé herra en inngangurinn, því þá kemst kalda loftið ekki þar inn. Hægt er að hlaða upp í hluta af innganginum. Nauðsynlegt er að hafa loftgat til að tryggja nægjanlega loftrás.



Ef ekki er hægt að grafa sig inn í brekku, er stundum hægt að grafa sig niður (sjá mynd). Hér er loftgatið haft um það bil 30 cm ofan við yfirborðið til þess að kaldasta loftið leiti síður niður í hóluna. Með þessu verður heldur hlýrra í hólunni en ella, en þessi hóla verður þó að jafnaði kaldari en sú, sem grafin er upp á við inn í skafl.



NIÐURLAG:

Tíminn, sem það tekur að hlaða snjóhús, er nokkuð breyti-legur, háður aðstæðum og þjálfun hleðslumanna. Það tekur um það bil 2 klst. að ganga að fullu frá síku húsi, en best er að mæla sinn eigin hleðslutíma. Svipaðan tíma tekur að grafa holur.

Við þessa iðju verða menn blautir af snjónum, og er því ágætt að vera í vatnsheldum flíkum yst klæða. Ágætt er að hafa eitthvað til að setja undir sig á pallinn til að verjast bleytu og kulda frá snjónum.

Ljóst má vera, að kunnátta í gerð snjóhúsa getur komið sér vel. Þess vegna ættu menn að þjálfa sig í gerð þeirra við góðar aðstæður og reka sig á byrjunarerfiðleikana í ró og næði, en ekki, þegar lífið liggur við.

Einar Hrafnkell Haraldsson

HVERSU ERFITT ER ÞAÐ?

Hversu erfitt er það? - Þessi spurning er oft mjög áleitin, þegar menn hyggjast klífa ákveðin fjöll eða lesa um einhverja fjallgöngukappa, sem klifið hafa fjöll. Mönnum hefur gengið fremur erfiðlega að koma sér saman um eitt ákveðið kerfi, þar sem flokkað væri niður, „hversu erfitt það væri” að klífa ákveðna tinda eða leiðir.

Það er strax í kringum síðustu aldamót, að menn fara að „fikta” við að flokka fjöll eftir því, hversu erfið þau væru uppgöngu. Á árinu 1943 fer svo loks að komast heildarmynd á þessi mál, þegar GROUPE DE HAUTE MONTAGNE (franska fjallastofnunin) gefur út sinn lista um, hversu erfið fjöll séu uppgöngu. Sá listi eða flokkun er fyrst og fremst miðuð við blandaðar leiðir, þ.e. klifið er bæði í ís, snjó og klettum. Flokkun Groupe de Haute Montagne er eftirfarandi:

F (facile=easy)

Auðveld snjóleið, án nokkurra erfiðleika, og jafnvel smábrölt í klettum. Lína ekki alltaf nauðsynleg.


PD (peu difficile=moderate)

Þægileg snjóleið, getur þó verið nokkur bratti. Létt klettaklifur. Lína nauðsynleg í öllum tilfellum.

AD (assez difficile= fairly hard)	Leiðir orðnar tölvert erfiðar með bröttum köflum. Nokkur reynsla í fjallamennsku nauðsynleg.
D (difficile=hard)	Erfitt snjó- og ís-klifur, getur jafnvel verið hættulegt, og allt upp í erfitt klettaklifur, þó aðeins litlir hlutar leiðarinnar.
TD (trés difficile= very hard)	Mjög erfitt og hættulegt klifur af öllum tegundum, tæknilega erfiðir kaflar jafnvel langir og mjög þreytandi. Mikil reynsla og toppbjálfun nauðsynleg.
ED (extrémement difficile=extremely difficult)	Geysilega erfiðar leiðir með tæknilegum erfiðleikum af öllum gráðum, geta einnig verið mjög hættulegar vegna umhverfisins, hrún og annað þess háttar.

Til viðbótar þessum skala, sem hefur hlotið samþykki flestra þjóða, hefur klettaklifur verið gráðað niður sérstaklega, eftir því, hversu erfitt það er. Fyrst er því skipt niður í sex gráður, númeraðar 1, 2, 3, 4, 5, 6. Ef um sérstaklega erfitt klettaklifur er að ræða, svokallað "artificial" klifur, er bætt við gráðum frá A1 upp í A4.


Sem dæmi um fjöll, gráðuð eftir skala Groupe de Haute Montagne, má nefna: F: Jungfrau, PD: Matterhorn, léttasta leið, AD: Mönch, Nollen leiðin, D: Eiger, Mittellegi-hryggur, án banda. ED: Eiger, norðurveggur; Matterhorn, norðurveggur; Grandes Jorasses, norðurveggur.



Jungfrau, 4158 m há, gott dæmi um mjög auðklifið fjall, enda flokkuð F skv. skala G.H.M.

Sighvatur Blöndahl

The  
**Good Companions**  
**Catalogue 1978**



**Blacks of Greenock**

LEIÐARVÍSIR Í SALP:

FÝRSTI PÁTTUR - EYJAFJALLAJÖKULL

YFIRLIT:

Eyjafjallajökull er gömul eldkeila, er gaus síðast árið 1821, hæð y. sjó 1666 m. Fjallið er eitt hið hæsta á Suðurlandi, ber ægishjálm yfir allt næsta umhverfi sitt. Sunnan og vestan fjallsins er Eyjafjallasveit, til norðurs eru aurar Markarfljóts og þveráa þess, en til austurs er jökulfreri Mýrdalsjökuls. Ofan í koll fjallsins er mikil gígskál, 2-3 km í þvermál, að mestu fyllt jöкли. Norður úr skálinni er op eða hlið, 1-1,5 km á breidd, fellur þar krosssprunginn skriðjökull, Gígjökull, niður á Markarfljótsaura. A gígbarmínnum standa nokkrir tindar og hnúkar upp úr jöklinum. Helstu kennileiti þar eru:

Fremri (Vestari)-Skoltur, 1494 m. Dálítill hnúkur, sem myndar esk. „hliðstólpa” vestan við útrás Gígjökuls norður úr gígskálinni. Hæsti hluti Skoltsins er jafnan snjólaus seinni part sumars, en oft er þá mjög sprungið í hlíðum hans.

Goðasteinn, 1580 m. Klettur á norðvesturbarmi gígsins, rís brattur að vestan og sunnan, 10-20 m y. jöklinni.


Nafnlaus bunga, 1617 m, á suðvesturbarmi gígsins, ætíð hylin jöкли.

Hámundur, 1666 m, hæsti tindur jöklusins, á suðausturbarmi gígsins. Norðan í Hámundi er veggbratt niður í gígskálina, en aflíðandi suður af.

Innri (Austari)-Skoitur, 1571 m, eystri „hliðstólpinn” við útrás Gígjökuls úr skálinni.

Kostur er við Eyjafjallajökul m.t.t. fjallgangna, hve greiðfært er að honum, því nær frá öllum hlíðum. Að sunnan og vestan yrði fjallgangan víða hafin frá Suðurlandsveginum. Að norðan er gengið frá Þórsmerkurveginum, sem oft er þó torfær eða ófær um miðbik vetrar. Einnig liggar sumarfær jeppaþlóð upp í 900 m hæð á Fimmvörðuhálsi, austan jöklusins.

Tveir skálar í grennd jöklusins skulu nefndir. Sunnan í Fimmvörðuhálsi, í 904 m hæð, er nýlegur skáli, allstór, sem er hentugur áningar- og gististaður, ef farið er austan á jöklunni, leið No 6. Skagfjörðsskáli í Þórmörk hentar einnig vel sem



Eyjafjallajökull - yfirlitskort

bækistöð fyrir Hátindaleiðina (No 5), líka nothæfur fyrir No 2-4, ef bíll er við hendina.

Eyjafjallajökull er mikið veðravíti, og veðrabrigði eru þar oft mjög snögg. Algengt er í byrjandi sunnanátt, að jökullinn sé fjalla fyrstur sunnanlands til að setja upp skýjahatt. Oft er þokan þar einnig mjög þaulsætin, þótt upp birti í kring.

Segja má, að besti tíminn til að ganga á Eyjafjallajökul sé fyrri hluti sumars - frá maí og fram í júlí. Er þá yfirleitt mun minna um opnar sprungur en verður undir haust og fyrri part vetrar. Einnig er snjórinн oftast betri til gangs fyrri part sumars - gamall, þéttur snjór.

Um útbúnað má segja, að auk hlýrra skjólklaða, sem ætíð eru óhjákvæmileg, er nauðsynlegt að hafa jöklalínu, ísöxi og

mannbrodda. Þó má stundum komast af án mannbrodda á auðveldari leiðunum, s.s. No 1, 2 og 6. Ávallt skal fara í línu við jökulrönd og vera í henni alla leiðina á jökli.

Besta kort, sem nú er fáanlegt af svæðinu, er „Atlasblað“ No 58, kvarði 1:100.000, frá Landmælingum Íslands. Einnig má nefna „Aðalkort“ No 6, 1:250.000, frá sama útgefanda.

Af bókum um svæðið er helst að nefna árbækur Ferðafélags Íslands frá 1931, 1960 og 1972.

#### EINSTAKAR LEIÐIR:

No 1: Stórumerkurleið: Gamalþekkt leið á jökulinn, létt ganga og nokkuð jafnt aflíðandi. Lítið farin nú orðið, enda gangan tiltölulega löng. Loftlína 16 km (miðað við Hámund).

Lóðrétt hækkun: 1550 m.

Áætlaður göngutími (upp á Hámund): 7-8 klst. (Allar tíma-lengdir miðast við þokkalegt gangfæri og hóflegan gönguhraða).

Venjulega er gengið frá Stórumörk, fyrst haldið upp með Merkurá upp á Stórumerkurheiði. Uppi á heiðinni er gengið norðan Dagmálfjalls og hnúksins Einbúa, en vestan Illagils. Komið er að jökulröndinni í 1000-1100 m hæð, nálægt hæðarpunktinum 1083 m, sjá „Atlasblað“ No 58. Eftir að komið er á jökulinn, er gengið til austurs, í stefnu á Goðastein. Er þá farið sunnan sprungusvæðisins á Kaplaskarðsjökli. Í nánd við Goðastein er jafnan sprungið, sérstaklega, þegar líða tekur á sumarið. Frá Goðasteini er best að fylgja barmi gígskálarinnar til suðausturs að Hámundi. Er þá gengið norðan undir 1617 m kollinum suðvestan á gígbarmínnum. Reikna má með 1 klst. göngu frá Goðasteini að Hámundi. Víða geta verið hættulegar sprungur á þeirri leið, einkum seinni part sumars.

Stórumerkurleiðin getur verið skemmtileg gönguskiðaleið, t.d. í mars-apríl, þegar skíðasnjór nær niður undir byggð. Mætti þá t.d. tengja saman leiðir No 1 og 6, fara þvert yfir jökulinn.

No 2: Skerjahryqqsleið: Ein auðveldasta leið in á Eyjafjalla-jökul. Einnig ein sú öruggasta í misjöfnum veðrum, þar sem á niðurleið er fylgt grjóþrygg úr 1350 m hæð niður í 900 m hæð, en þaðan eru vörður fram á brún í 600 m hæð.

Loftlína (frá Þórsmerkurvegi): 10 km.

Lóðrétt hækkun: 1530 m.

Ætlaður göngutími: Ca. 6 klst. Göngutími niður: 3-4 klst.

Lagt er upp frá Þórsmerkurveginum í Langanesi, ca. 8 km innan við Stórumörk. Þar er norðurbrún Eyjafjalla sundurskorin af giljum, og gnæfir strýta, Grýtutindur, í brúninni. Gengið er upp í fyrsta gil vestan Grýtutinds, svo til hægri upp mosabrekku upp á hrygg þann, sem er vestan gilsins.. Vestan undir þessum hrygg er gil með gljúfrum og fossum, blasir neðsti fossinn við frá akveginum. Gengið er upp hrygginn, uns komið er að lágu, stöllóttu klettabelti í brúninni. Er þar létt klifur upp, vel fært hverjum meðalmanni. Þáer komið upp á Litluheiði í ca. 600 m hæð. Eftir það er vörðuð leið (varðað 1976) til SSA, upp að neðri enda „Skerjanna“ sem er hryggur, röð gjallhóla í norðvestanverðum jöklínunum. Komið er upp á hrygginn í ca. 1000 m hæð, farið upp lítilfjörlegar jökulfannir þar norðan í hrygnum. Eftir það er hrygnum fylgt, efsti kollurinn er 1386 m. Þar er farið í línum og stefnt upp að Goðasteini, stutt ganga og auðveld, um framhaldið, sjá leið No 1.

No 3: Innstuhausaleið: Stutt leið, en brött, gengið yfir Vestari (Fremri)-Skolt. Oft mjög illfær seinni part sumars vegna sprungna. Fyrst farin, svo vitað sé, 1976.

Loftlína: Ca. 8 km.

Lóðrétt hækkun: 1490 m.

Ætlaður göngutími: 5-6 klst., þar af ca. 4 klst. upp á Vestari (Fremri)-Skolt.

Leið þessi krefst góðs útbúnaðar og kunnáttu.

Gengið er frá Þórsmerkurveginum stutt vestan jökulruðningsþess, sem er kringum Gígjökulslónið. Stefnt er upp að mynni fyrsta meiri háttar gilsins, vestan Gígjökuls. Gengið er upp gilbotninn, sem er ekki sérlega greiðfær, mjög stórgryttur. Efst í gilinu er sveigt upp úr því til vinstri, farin mosabrekka langleiðina upp úr gilinu. Eftir það taka við allbrattar skriður og melar upp Innstuhausa að jökulrönd í ca. 1100 m hæð. Þaðan blasir Vestari (Fremri)-Skoltur við, og er stefnt upp jökulinn vestanvert við hann. Norðan í Skoltinum má búast við erfiðum sprungum, sem geta verið mjög illfærar seinni part sumars. Farið er upp á Skoltinn að vestan, er þaðan vítt útsýni og hrikalegt að horfa niður á krosssprungin upptök Gígjökuls. Af Skoltinum er gengið til SV niður í gígskálina. Þar er svo tekin stefna til SA á Hámund, farið upp á gígbarminn rétt vestan tindsins. Leiðin

yfir gígskálina er sérlega varasöm að því leyti, að gengið er samsíða megin sprungustefnunni lengi framan af.

No 4: Gígjökulsleið: Erfið leið, aðeins fyrir vana fjallamenn, hætta á íshruni á og við Gígjökulinn. Æskilegt að fullkominn ísklifurbúnaður sé með, s.s. ísskrúfur.

Loftlína: Ca. 8 km.

Lóðrétt hækkun: 1470 m.

Ætlaður göngutími: Mjög breytilegur, 6-8 klst. við góðar aðstæður.

Fylgt er stíg á vesturbakka Gígjökulsþónsins inn að jökulsorðinum. Þá er farið til vinstri upp á miðjan jökulsporðinn. Þar er eitt vinsælasta ísklifursvæði á Íslandi. Er hér farið upp nálægt miðjum jöklum, uns komið er upp á þrep í falljöklinum. Þar fyrir ofan er jökullinn mjög sprunginn, svo að nú er sveigt til hægri vestur úr honum. Eftir það er brölt upp með Gígjökli að vestan upp í ca. 1000 m hæð. Þar er farið upp úr gígrásinni, upp fannir, berg og ís, þar sem oft er veruleg hætta á ís- eð grjóthruni. Hér er komið upp undir Vestari (Fremri)- Skolt, og er öruggast að fara vestur norðan undir Skoltinum og svo eins og lýst er í No 3.

No 5: Hátindaleið: Ein þesta leiðin úr Þórsmörk, jafnan vel fær, en torratað (einstigi) niður af jöklinum í dimmviðri. Leið þessi mun fyrst hafa verið farin fyrir 10-15 árum.

Loftlína: 10 km.

Lóðrétt hækkun: 1430 m.

Ætlaður göngutími: 5-6 klst.

Lagt er upp rétt vestan við mynni Hvannárgljúfurs. Farið er upp bratta brekku og melhrygg, víða einstigi, upp á Stakkholt. Þá er gengið til S, upp á hrygg vestarlega í Hátindum. Hryggnum er fylgt upp í hæsta tindinn (660 m), en ekki er farið upp á tindinn. Í stað þess er beygt til hægri niður í slakka suðvestan undir Hátindum. Þaðan er farið upp hrygg úr slakkanum til SV upp á stakan koll, rétt norðan við jökulröndina. Af þessum kolli, sem gnæfir allhátt yfir, er farið niður stutta brekku á hvassan hrygg, einstigi, sem tengir kollinn við jökulröndina, í ca. 900 m hæð. Neðst á jöklinum er oft nokkuð sprungið, en jafnan fært. Gengið er nú í hásuður upp jökullinn, uns sér suður af. Þá er haldið til vesturs í stefnu á Hámund, jafnan fylgt hávöðum á

þeirri leið. Síðasta spölinn að Hámundi er gengið eftir gíg-barminum, yfir nokkra smákolla.

No 6: Fimmvörðuhálsleið: Auðveld leið og hættulítill. Akjós-anleg skíðaleið á öllum tímum árs. Á sumrin er hér jeppafært upp í 900 m hæð.

Loftlína: 9 km.

Lóðrétt hækjun: 760 m.

Aætlaður göngutími: 3-4 klst.

Frá nýja skálanum sunnan í Fimmvörðuhálsi er gengið upp á hálsinn að rústum hins gamla skála "Fjallamanna." Þaðan er haldið til vesturs inn á jökulinn í ca. 1050 m hæð. Haldið er til vesturs, þar sem hæst ber á jöklinum, sér þá oft bæði norður og suður af. Beint suður af Hátindum er komið inn á leið No 5, sjá þar.

No 7: Seljavallaleið: Stutt, en brött leið upp á jökulinn sunnan frá, fáfarin til þessa. Bílfært allt árið að uppgöngustað. Skemmtileg fjalla (Alpa)-skíðaleið.

Loftlína: 8 km.

Aætlaður göngutími: 5-6 klst.

Lóðrétt hækjun: 1610 m.

Lagt er upp frá bænum Seljavöllum í A.-Eyjafjallahreppi. Gengið er upp bratta hlíð (til NV) upp á Háls, hrygginn, sem tengir kollinn Lambafell við fjalllendið á bak við. Rétt er að stefna til NV upp á Háls, þar til sér vestur af, og fylgja svo háhrygnum upp til N. Á niðurleið ber sérstaklega að varast sjálfheldur við Laugarárgljúfur inn af Seljavöllum, ekki skal því halda niður af Hálsi fyrr en beint ofan bæjarins.

Upp frá Hálsinum er gengið upp Lambafellsheiði, sér þá brátt til Skerjökuls, skriðjökultungu, sem kemur niður vestan 1317 og 1281 m hárra kolla í jökulröndinni. Haldið er upp að jökultungunni vestanverðri, farið skáhallt upp til NA yfir hana í ca. 800 m hæð. Þá er gengið upp með Skerjökli (jökulinn á vinstri hönd), en til hægri rísa klettahnúkar, hæst 1281 m. Brátt er sveigt til hægri upp bratta snjóbrekku. Er þá komið upp á hrygg milli tveggja kolla, hinn syðri nánast klettadrangur, hinn nyrðri 1281 m hár kollur. Bratt er, og jafnvel hætta á hengjum og snjóflóðum, síðasta spölinn upp á þennan hrygg. Gengið er svo til vinstri, hægra megin undir 1281 m kollinum,

og stefnt, eftir lágum hrygg, að öðrum kolli, 1317 m, stuttu innar á jöklinum. Þaðan er lagt upp á sjálfan jökulinn, stefnt nokkru austan við Hámund, sem blasir við í NNV. Sunnan í Hámundi er jafnan hætt við sprungum, skal því stefna upp á leið No 5-6 í 1400-1500 m hæð og fara síðasta spölinn vestur á Hámund skv. leið No 5.

Að vorlagi væri einnig hægt að fara upp með Skerfjöklum að vestan og þræða svo milli sprungna upp á gígbarminn milli Hámunds og 1617 m kollsins á SV-barmi gígsina. Líklega getur þessi leið þó orðið nær ófær, er líða tekur á sumarið.

No 8: Ásólfsskálaleið: Fáfarin leið suðvestan á jöklinum. A niðumleið getur verið erfitt að hitta milli réttra gilja niður á Ásólfsskálaegg.

Loftlína: 12 km.

Lóðrétt hækkun: 1630 m.

Ætlaður göngutími: 6-7 klst.

Frá Ásólfsskála (kirkjustaður) er gengið til NA upp á Ásólfsskálaheiði og Ásólfsskálaegg. A leið upp að jöklum er Miðskálagil á vinstri hönd, en Tungugil vestra á hægri. Komið er að jökulröndinni í í 900-1000 m hæð. A jöklum er lengi vel stefnt upp að 1617 m hnúknum suðvestan á gígbarminum. Í 1400-1500 m hæð er sveigt til hægri, sunnan hnúksins, og tekin stefna þvert austur á Hámund.

Helgi Benediktsson

# Allt í útilífið

Yfir 20 gerðir af bakpokum

KLIFURVÖRUR



**Core-Tex**  
laminate  
**FATNAÐUR**  
OG  
**BAKPOKAR**  
FR'A  
**berghaus**



**Útilif**

**GLÆSIBÆ**  
**SÍMI 30350**

### KERLINGIN KLIFIN

Það var um verslunarmannahelgina sl., sem þrír félagar úr ÍSALP, þeir Guðjón Ó. Magnússon, Rúnar Nordquist og Þór Ægisson, klifu klettinn Kerlingu í Kerlingarfjöllum. Kerlingin er ca. 30 m há, og tók klifrið 6 klst. Kerlingin hefur aðeins einu sinni verið klifin áður, svo vitað sé, en það var gert í okt. '77 af þrem félögum úr ÍSALP. Kerlingin er gerð úr þursabergi, sem er mjög laust í sér, og verða fleygafeðstur þar af leiðandi mjög ótryggar. Nauðsynlegt er að nota stiga við hluta klifursins, vegna þess, hve handfestur eru fáar og ótryggar.

Við byrjuðum á austurhlið klettsins, og var þar fyrir um 5 m háar veggur, þverhníptur. Fyrir ofan hann varð fyrir sylla, og fikruðum við okkur þaðan nokkra metra upp stalla, en fórum þó ávallt lítið eitt til hliðar, réttsælis. Þá varð fyrir okkur veggur ca. 70° brattur, en sléttur eins og sópað stofugólf. Rákum við þar two fleyga beint inn í steininn, en þeir voru ekki fastari en svo, að þeir rétt héldu þyngd eins manns.

Þegar þessi veggur var á enda, komumst við á gríðarmikla syllu í 20 m hæð, en þar fyrir ofan var slútandi veggur um 4-5 m háar, og var berbið í honum líkt og jökulruðningur, samþjöppuð möl, sem molnaði við hamarshögg. Þarna stöldruðum við lengi við og reyndum árangurslaust að finna leið framhjá. Reyndum við marga fleyga þarna, en þeir bognuðu flestir. Að lokum komum við lengsta fleygnum okkar inn, reyndar svo kyrfilega, að erfið-lega gekk að losa hann síðar.

Eftir að þessi hindrun var yfirunnin, var greið leið upp á topp, en toppur klettsins er tvíklófinn, og kemst aðeins einn maður fyrir á þeim hærri í einu. Eftir að myndir höfðu verið teknar af okkur á toppnum, sigum við niður og hreinsuðum leiðina af fleygum og útbúnaði.

Þór Ægisson

MESSNER GERIR ÞAÐ EKKI ENDASLEPPT:


KLEIF NANGA PARBAT, 8126 M, EINN SÍNS LIÐS

Ekki var kappinn Reinhold Messner fyrr búinn að sigrast á Mount Everest, 8848 m, hæsta fjalli heims, fyrstur manna án þess að nota súrefnistaði, en hann fór að undirbúa leiðangur á annan frægan 8000 m tind, og nú skyldi hann bæta um betur og verða fyrsti maðurinn til að klífa slíkan tind SOLO, þ.e. einn síns liðs.

Sérfræðingar voru nú ekki á eitt sáttir með þetta uppátaði kappans, og létu jafnvel sumir hafa eftir sér, að nú væri bless- aður maðurinn endanlega farinn yfir um. Það hefði sem sagt kom- ið á daginn, sem margir læknar héldu fram, aður en hann lagði í sína súrefnislauðu för á Everest, að menn kæmust ekki hjá því að fá heilaskemmdir við slíkar aðstæður.

Messner létt sér alls ekki segjast, þrátt fyrir varnaðarorð margra, og hélt undirbúningi leiðangursins áfram, og á áfangastað þ.e. við rætur fyrirheitna fjallsins, NANGA PARBAT, þurfti hann að vera kominn í lok júlí s.l. til að geta lagt til atlögu í ágúst, sem hann taldi vera besta tímann til slíkra "glæfraverka". Allt stóðst á endum, og Messner var mættur ásamt fylgdarmanni við rætur fjallsins á réttum tíma. Það er reyndar best að geta þess strax til að valda ekki misskilningi, að fylgdarmenn kappans voru ekki burðarmenn eða neitt slíkt, heldur eiginkoma hans og fréttamenn frá þýska vikuritinu Stern, sem keypt höfðu einkarétt á frásögn frá leiðangrinum, auk nokkurra vina, sem vildu fylgjast með uppátaðinu,

Til að fræðast lítillega um, hversu djarft þetta uppátaði Messners virkilega var, þá má geta þess, að fjallid var ekki klifið fyrr en á árinu 1953, og þá af fremsta fjallgöngumanni þeirra tíma, Hermann Buhl, sem af sumum er talinn vera besti fjallgöngumaður, sem nokkru sinni hefur verið uppi. Buhl varð þess reyndar aldrei auðið að sýna endanlega, hversu mikils megnugur hann var, þar sem hann fórst í Himalaya-leiðangri örfáum árum eftir afrek sitt á Nanga Parbat. Alls hafa 37 fjallgöngumenn týnt lífinu í atlögum að fjallinu og þar á meðal bráðir Messners, Gunther, sem lést í leiðangri á fjallid fyrir 8 árum síðan, en í þeim leiðangri náði Reinhold Messner einnig tindinum, svo að þetta var hans önnur aðlaga við tindinn. Til þessa hafa einungis leiðangrar með fleiri tonn af útbúnaði "leyft" sér að leggja til aðlögu, en nú



NANGA PARBAT, 8125 m hátt. Glöggt má sjá þá leið, sem Messner fór og hvar hann „biwakkaði“ á leiðinni. (Innskot: Kappinn Messner)

var mættur í meira lagi hortugur áskorandi, sem ætlaði að sigra með aðeins 15 kg á bakinu, já, það er ekki misprendun, kappinn ætlaði að sigra með aðeins 15 kg af útbúnaði.

Það var að morgni 6. ágúst sl., sem Reinhold Messner tölti af stað frá aðalbúðum (base camp) með sín 15 kg upp hinn fræga vesturvegg Nanga Parbat, átti sem sagt um 4100 m klifur fyrir höndum. Sem dæmi um, hversu útbúnaður var af skornum skammti, má geta þess. að kappinn tók ekkert vasal íns með sín höfði ó

eins smágasljós, sem hann hugðist nota, ef Hann kæmist í vandrædi til að láta þá, sem niðri væru, vita.

Ferðin gekk öll mjög vel, og Messner stóð á tindi Nanga Parbat kl. 16 þ. 9. ágúst, þ.e. á fjórða degi eftir að hann lagði upp frá aðalbúðum. Hann var þar með orðinn fyrsti maðurinn, sem tekist hafði að sigra „8000” m tind einn síns liðs. Rétt er að líta óg hafa til hliðsjónar myndina, sem sýnir glöggt, hvernig ferðin gekk fyrir sig.

Niðurferðin gekk stórslysalaust, nema hvað Messner þurfti að „biwakka” allan daginn eftir að tindurinn hafði verið sigraður vegna vonskuveðurs. Síðan rættist úr þ. 11/8, og kappinn náði í aðalbúðir þann sama dag um tvöleytið. Mikill fögnuður var meðal viðstaddir og þá ekki síst Messners sjálfs, sem lýsti því yfir við þetta tækifæri, að farið gæti svo, að þetta væri síðasti meiri háttar tindurinn, sem hann legði til atlögu við, og myndi hann í ríkara mæli snúa sér að heimili sínu, en kunnugir segja, að frúin hafi ekki verið allt of ánægð með hinum miklu fjarverur eiginmannsins.

Sem dæmi um hin miklu afrek Messners má geta þess, að hann hefur klifið hæstu fjöll allra heimsálfu, einn manna, því að hinn japanski Uemura á eftir að sigra hæsta fjall Astralíu. Hann hefur sigrað alla helstu tinda Alpanna, svo það er kanskje skiljanlegt, að hann hyggist nú setjast í heðgan stein. Hvað gæti blesdur maðurinn annars tekið sér fyrir hendur, hann hefur þegar sigrað flest það, sem áhugaverðast þykir á þessu sviði? Það má því að síðustu segja, að Reinhold Messner, Suður-Tyrolinn viðföllndni, er án efa fremsti fjallgöngumaður okkar tíma, og jafnvæl allra tíma, eftir þetta einstæða afrek sitt.

Sighvatur Blöndahl

---

DAGSKRÁ ÍSALP NÓV.-DES. 1978:

---

22. nóv. miðvikud: Félagsfundur


Almennur fundur í Slysavarnarhúsinu kl. 20<sup>30</sup>. Efni: Myndir, þ.á m. að líkiðnum svissnesk verðlaunakvikmynd. Einnig fræðsluefni ofl.

---

1.-3. des. föstud.-sunnud: Tindfjöll

Rætt verður um ferðina á fundinum 22. nóv. Umsjón: Rúnar Nordquist, s. 52785 og 12520. Farið á föstudagskvöld, þátttakendur mæti á fundinn eða hringi í Rúnar fyrir fundinn.

# VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



MoAc

Camp  
Trails



ajungilak



Blacks  
of Greenock

ultimaté

Paraboot - Galibier

SALEWA

Kastinger



# SKÁTABÚÐIN

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af Hjálparsveit Skáta Reykjavík

SÉRVERSLUN  
FYRIR  
FJALLA- OG  
FERDAMENN.